



FÉLAG FRAMHALDSSKÓLAKENNARA  
Laufásvegi 81, 101 Reykjavík Sími

## **Fulltrúafundur Félags framhaldsskólakennara haldinn á Grand Hótel í Reykjavík 12. mars 2010 ályktar eftirfarandi:**

Fulltrúafundur Félags framhaldsskólakennara gerir sér grein fyrir þeim vanda sem íslenskt samfélag á við að etja og óhjákvæmilegum samdrætti í ríkisútgjöldum. Fundurinn leggur fast að stjórnvöldum að forgangsraða faglega í ríkisfjármálunum til næstu ára með það að markmiði að verja nemendur og menntun fyrir áföllum. Skammsýnar ákvarðanir um menntun og skólastarf í landinu geta valdið óbætanlegum skaða. Ungmenni á framhaldsskólaaldri þurfa að geta innritast í nám og lokið því hindrunarlaust. Samfélagið þarf alltaf á fagmennsku kennara að halda - ekki síst núna!

Fundurinn bendir á að mikils aðhalds hefur um árabíl verið gætt í rekstri framhaldsskóla landsins og vandséð að mikið lengra verði gengið um samdrátt í rekstri þeirra án þess að skera niður þjónustu og innrita færri nemendur í framhaldsskólanám. Fundurinn varar við öllum áformum sem brjóta í bága við jafnræðissjónarmið, landslög um skólastarf eða grundvöll kjarasamninga. Fundurinn minnir á að aðild kennara að stöðugleikasáttmála á vinnumarkaði er háð mikilvægum skilyrðum.

Framhaldsskólunum er nú þegar fyrirskipað að afkasta meira fyrir minni fjármuni og einnig bylta sér og breyta í samræmi við ný framhaldsskólalög en gildistökuákvæði þeirra gera ráð fyrir að þau komi að fullu til framkvæmda haustið 2011. Jafnframt blasir við að ekki verða til fjármunir til að framkvæma mikilvæg umbótaákvæði laganna til að fjölga þeim sem útskrifast með lokapróf úr framhaldsskóla. Lögin útheimta umfangsmiklar breytingar á kjarasamningum kennara sem vart verða gerðar við núverandi aðstæður á vinnumarkaði.

Endurskoða þarf innleiðingu framhaldsskólalaganna vegna gjörbreyttra aðstæðna og marka framkvæmdastefnu til næstu ára. Fundurinn krefst þess að menntamálaráðherra geri kennurum og samtökum þeirra tafarlaust skýra grein fyrir forgangsröðun í starfi skólanna og áætlunum um framkvæmd laganna.